

Sjálfbærniskýrsla
Hölds 2023

Ávarp forstjóra

Við hjá Höldi höfum frá upphafi kappkostað að veita viðskiptavinum okkar persónulega og framúrskarandi þjónustu með ábyrgð, traust og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfsemin sé í sátt við samfélagið og umhverfið í heild og Höldur hefur birt lykiltölur um losun gróðurhúsalofttegunda og áherslur í sjálfbærni á heimasíðu sinni undanfarin ár. Við birtum nú sjálfbærnisráskýrslu í fyrsta sinn en þannig viljum við upplýsa um stöðu og þróun á umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum félagsins.

Við erum afar stolt af árangri okkar í sjálfbærri þróun og samfélagslegri ábyrgð og þetta mikilvæga málefni er í stöðugri þróun innan félagsins. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í rekstri okkar dróst saman um 10% á milli ára, endurvinnsluhlutfall heildar úrgangs fyrirtækisins hefur aukist ár frá ári og er nú um 83%. Heildar orkunotkun hefur einnig dregist saman þrátt fyrir aukna raforkunotkun vegna hleðslu rafbíla en hleðsla þeirra jókst úr 97 í 252 MWst. milli ára eða um 159%.

Við hjá Höldi höfum á undanförunum árum lagt okkar af mörkum þegar kemur að orkuskiptunum og náðum við metnaðarfullu markmiði okkar um að 10% af bílaflota okkar væru rafmagnsbílar á árinu 2023.

Hjá Höldi kappkostum við að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem umhyggja er borin fyrir sérhverjum starfsmanni. Við höfum skapað eftirsóknarverðan og samheldinn vinnustað með áherslu á jafnrétti, jafna möguleika til starfsþróunar og uppbyggilega fyrirtækjamenningu.

Við sýnum ábyrgð þegar kemur að samfélagslegri þátttöku, þá helst í gegnum íþrótt- og menningarstarf. Höldur hefur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í sínum rekstri með sérstaka áherslu á markmið um heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, nýsköpun og uppbyggingu, ábyrga neyslu og framleiðslu ásamt aðgerðum í loftlagsmálum.

Aftast í skýrslunni er að finna kafla um flokkunarreglugerð ESB en ný löggjöf tók gildi á árinu um lögfestingu á flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, EU Taxonomy. Þá vinnum við nú að undirbúningi CSRD tilskipunarinnar um sjálfbæra upplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja.

Það er von okkar að skýrslan veiti góða innsýn í sjálfbærnimál Hölds og veiti öðrum innblástur í þeim efnum.

Steingrímur Birgisson.





Við stefnum öll í sömu átt

Að undangenginni stefnumótunarvinnu þar sem mótaðar voru áherslur og stefna í sjálfbærni, samþykkti stjórn félagsins stefnu um sjálfbæra þróun og samfélagsábyrgð á fyrsta ársfjórðungi 2023 og er hún birt á heimasíðu félagsins. Þar koma fram stefnumið Hölds er varða umhverfið, félagslega þætti og stjórnarhætti auk samþættingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við starfsemi fyrirtækisins.

Stefnan nær til allra deilda félagsins. Áður útgefnar stefnur Hölds eru stefnur um gæðamál, umhverfismál, vinnuvernd, persónuvernd, mannauðsmál og jafnlaunamál, auk stefnu um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka en stefnur félagsins eru yfirfarnar árlega á rýni stjórnenda.



Starfsemi Hölds

Höldur ehf. starfar á íslenskum bílaleigu- og bílgreinamarkaði og var fyrirtækið stofnað árið 1974. Bílaleiga Akureyrar sem er veigamesti þáttur í rekstri félagsins er með afgreiðslur og útibú um allt land og þjónustar fyrirtæki, einstaklinga og fjölda erlendra ferðamanna. Þá rekur fyrirtækið alhliða bílþjónustu á Akureyri, dekkjaverkstæði ásamt bílþvottastöð, bílasölu með nýja og notaða bíla ásamt bifreiða- og tjónaviðgerðaverkstæði.

Höldur er sölu- og þjónustuaðili á Norðurlandi fyrir bílaumboðin Heklu og Öskju. Þá á félagið þónokkrar fasteignir sem það nýtir að mestu til eigin nota. Bílaleiga Akureyrar er umboðsaðili Europcar bílaleigukeðjunnar á Íslandi. Höldur ehf. skilgreinir sig sem þjónustudrifið og sveigjanlegt fyrirtæki með þarfir viðskiptavina sinna að leiðarljósi og leggur áherslu á heiðarleika, áreiðanleika og persónulega þjónustu.

Félagið rekur gæða-, og umhverfis-stjórnunarkerfi sem vottað er samkvæmt ISO 9001 og ISO 14001 á 6 starfsstöðvum Hölds ehf. – Bílaleigu Akureyrar. Ytri vottunaraðilar taka stjórnunarkerfið út tvisvar á ári auk þess sem innri úttektir eru framkvæmdar.

Væntingar og þarfir hagsmunaaðila hafa verið greindar og er greiningin yfirfarin árlega þar sem innri og ytri áhætta og tækifæri til úrbóta eru metin og aðgerðir skilgreindar í kjölfarið ef aukin áhætta kemur fram í matinu.

Greining hagsmunaaðila tekur m.a. tilliti til umhverfis- og loftslagsmála og hugsanlegum áhrifum/ áhættu. Höldur var eitt af 15 efstu fyrirtækjum í flokki stórra fyrirtækja í könnun VR, Fyrirtæki ársins árið 2023 og hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2023, annað árið í röð.

Þá hlaut fyrirtækið viðurkenningu "Green sustainability" frá Europcar International.





Umhverfið

Höldur hefur um langa hríð lagt metnað í að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og hefur frá árinu 2009 viðhaft vöktun og stýringu á veigamestu umhverfisþáttum í rekstri félagsins. Megináhætta félagsins í umhverfis- og loftslagsmálum er losun gróðurhúsalofttegunda og árleg markmiðasetning t.a.m. um aukið hlutfall hreinorkubíla, miðar að því að draga úr losun. Þróun umhverfismála hjá félaginu hefur tekið breytingum samhliða breyttum áherslum og aukinni vitund um mikilvægi málaflokksins. Félagið vinnur að stöðugum umbótum í umhverfismálum, þar með talið vöktun og mælingum sem upplýsingar eru birtar um hér.

Lykilmælikvarðar umhverfisþátta í rekstri félagsins hafa verið greindir í samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001 og skjalfest verklag á við um stýringu og vöktun þeirra. Umhverfisþættirnir byggja á orkunotkun þ.m.t jarðefnaeldsneyti, orkuskiptum bílaflotans, úrgangi (endurvinnslu), spilliefnum, frárennsli, náttúru og mótvægis- aðgerðum með landgræðslu og/eða gróðursetningu. Félagið leitar stöðugt leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og auka þau jákvæðu áhrif sem starfsemin hefur á þróun loftslags- og umhverfismála.

Einn af þeim þáttum sem Höldur hefur einbeitt sér að á undanförunum árum eru orkuskipti í samgöngum og á árinu náði félagið um 10% hlutfalli hreinorkubíla í flotasafni sínu. Samhliða aukningu rafbíla var unnið að áframhaldandi uppbyggingu hleðsluinnviða hjá félaginu. Stjórnendur félagsins hafa þó áhyggjur af breytingum í hinu opinbera umhverfi sem orsakað getur bakslag í orkuskiptum í samgöngum hér á landi og þar með markmiðum Hölds í þessum mikilvæga málaflokki.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Hölds er byggð á lykilmælikvörðum umhverfisþátta félagsins og veita upplýsingar um árangur, eftir umfangi 1 (bein losun), umfangi 2 og umfangi 3 (óbein losun).

Breytingar voru gerðar á útreikningum vegna losunar fyrir árið 2023 og nú er stuðst við leiðbeiningar og losunarstuðla frá Umhverfisstofnun 6. útgáfa (29.janúar 2024) í stað reiknistuðla frá Festu, miðstöð um sjálfbærni.

Leiðbeiningar og losunarstuðlar Umhverfisstofnunnar miða að samræmingu gagna við gerða Landsskýrslu

um losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi.

Losunartölur fyrri ára voru endurreiknaðar í takt við nýja reiknistuðla í losun vegna notkunar á heitu vatni til húshitunar, raforkunotkun og förgun úrgangs. Þá hefur hlutfallsleg skipting eldsneytis milli umfangs 1 og 3 verið leiðrétt frá fyrra ári en breytingin hefur ekki áhrif á heildarlosun félagsins.


Við útreikninga á flugferðum starfsfólks er notuð reiknivél Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Gögn eru sótt beint til þjónustuaðila eða í bókhaldsgögn félagsins.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda dróst saman um 10% á árinu og skýrist það að mestu af samdrætti á losun í umfangi 3 sem nemur 33% en allir liðir í umfangi 3 lækka milli ára. Bein losun í umfangi 1 sem er eigin eldsneytisnotkun jókst um 19% en það skýrist að mestu vegna fjölgunar bifreiða í eigu félagsins en fjöldi bifreiða í flotanum jókst um 14% milli ára.

Mikil áhersla er lögð á stýringu bílaflota félagsins til að hámarka nýtingu með ábyrgum hætti og tryggja þannig sem jafnastan akstur bifreiða við endursölu og að fjöldi ökutækja í heildarflota sé ekki umfram eftirspurn.

Losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1,2 og 3)	Einingar	2020	2021	2022	2023
Umfang 1 - Eldsneyti	tCO ₂ í	87,1	112,77	287,01	341,56
Heildarlosun umfang 1	tCO ₂ í	87,1	112,77	287,01	341,56
Umfang 2 - Rafmagn	tCO ₂ í	8,1	8,0	8,7	11,2
Umfang 2 - Heitt vatn	tCO ₂ í	36,7	33,8	44,6	33,3
Heildarlosun umfang 2	tCO ₂ í	44,8	41,7	53,3	44,4
Umfang 3 - Flugferðir starfsfólks	tCO ₂ í	3,1	6,1	12,6	11,1
Umfang 3 - Úrgangur	tCO ₂ í	167,0	104,6	141,6	104,7
- Þar af framkvæmdaúrgangur	tCO ₂ í	-	44,9	60,9	48,2
Umfang 3 - Eldsneyti (notkun viðskiptavina)	tCO ₂ í	-	163,4	191,6	115,1
Heildarlosun umfang 3	tCO ₂ í	170,0	274,1	345,8	230,9
Samtals losun GHG - Kolefnisspor án bindingar	tCO ₂ í	301,89	428,58	686,11	616,86

Heildar losun tCO₂í




Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda					
Rekstrarlegir þættir	Einingar	2020	2021	2022	2023
Heildarlosun umfanga 1,2 og 3	tCO ₂ í	301,89	428,58	686,11	616,86
Tekjur	m.kr	5.568	8.332	13.352	15.283
Fjöldi starfsmanna / ársverk	fjöldi	202	240	260	291
Fjöldi ökutækja í flota í árslok	fjöldi	4.180	5.361	6.929	7.920
- Þar af Rafmagnsbílar	fjöldi	134	267	468	763
- Þar af Tengiltvinnbílar (Plug-in Hybrid)	fjöldi	251	634	1.274	1.278
- Þar af Tvinnbílar (Hybrid)	fjöldi	123	570	956	1.170
Losunarkræfni					
Losunarkræfni ökutækjaflota	kgCO ₂ í/fjöldi bifreiða	72,2	76,1	95,1	76,6
Losunarkræfni / Tekjur	kgCO ₂ í/m.kr.	54,22	48,90	49,30	39,70
Losunarkræfni / Starfsfólks	kgCO ₂ í/fjöldi	1.495	1.699	2.534	2.084
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ í/MWst	45,3	64,7	84,3	86,4

Kolefnisspor í kgCO₂í/Tekjur m.kr.



Kolefnisspor í kgCO₂í/ fjöldi bifreiða



Orkunotkun

Orkunotkun Hölds felst í eldsneyti á bíla félagsins (bein orkunotkun) og rafmagns- og heitavatnsnotkun í fasteignum í notkun Hölds (óbein orkunotkun). Starfsemi félagsins er að hluta í leiguhúsnæði og í notkun fleiri aðila eða er ekki á forræði félagsins. Ekki hefur náðst utan um hlutfall orkunotkunar Hölds á þessum stöðum en meginhluti starfseminnar er í eigin húsnæði og orkunotkun og stærð fasteigna er þekkt.

Heildarorkunotkun dróst saman um 12,3% milli ára og það skýrist af miklum samdrætti í heitavatnsnotkun en talsverðar sveiflur eru í húshitun vegna áhrifa ytri þátta eins og veðurs. Hluta samdráttar í notkun má hins vegar rekja til endurbóta á fasteignum félagsins að Klettatröð í Reykjanesbæ og Skútvogi 8 í Reykjavík en í þeim framkvæmdum var horft til tækifæra til betri orkunýtni til húshitunar. Raforkunotkun jókst hins vegar um 28% milli ára en það skýrist að miklu leiti af mikilli aukningu í hleðslu rafbíla félagsins.



Orkunotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023
Jarðefnaeldsneyti	kWst	352.732	455.592	1.165.873	1.388.768
Rafmagn	kWst	1.159.627	985.330	1.019.941	1.305.063
- Þar af hleðsla rafbíla	kWst	6.285	59.187	97.258	252.357
Heitt vatn	kWst	5.154.750	5.180.444	5.956.542	4.443.032
Heildarnotkun	kWst	6.667.109	6.621.366	8.142.356	7.136.863



Orkukræfni

Orkukræfni veitir upplýsingar um orkunotkun Hölds miðað við tekjur, fjölda starfsmanna og fjölda ökutækja í flota félagsins og í töflunni hér að neðan má sjá að orkukræfni minnkar milli ára.

Orkukræfni	Einingar	2020	2021	2022	2023
Orkukræfni / Tekjur	kWst/m.kr.	1.197	795	610	467
Orkukræfni starfsmanna	kWst/fjöldi	33.005	27.589	31.317	24.525
Orkukræfni ökutækjaflota	kWst/fjöldi	1.595	1.235	1.175	901

Orkusamsetning

Orkusamsetning	Einingar	2020	2021	2022	2023
Heildar orkunotkun	kWst	6.667.109	6.621.366	8.142.356	7.136.863
Jarðefnaeldsneyti	%	5,29%	6,88%	14,32%	19,46%
Endurnýjanleg orka	%	94,71%	93,12%	85,68%	80,54%
- þar af rafmagn	%	17,39%	14,88%	12,53%	18,29%
- þar af heitt vatn	%	77,32%	78,24%	73,16%	62,25%



Vatnsnotkun

Talsverð vatnsnotkun er hjá félaginu, bæði til húshitunar, vatns til þrifa á bifreiðum og heitt og kalt neysluvatn. Heildar vatnsnotkun dregst saman um 26% milli ára en takmörkuð gögn eru til yfir kaldavatnsnotkun þar sem kaldavatnsmælur eru ekki til staðar í öllum fasteignum félagsins en notkun er vöktuð þar sem mælur eru fyrir hendi í dag.

Vatnsnotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023
Kalt vatn	m3	5.316	3.729	6.405	4.003
Heitt vatn	m3	88.875	89.318	102.699	76.604
Samtals vatnsnotkun	m3	94.191	93.047	109.104	80.607

Meðhöndlun úrgangs

Á starfsstöðvum Hölds í eigin húsnæði er úrgangur flokkaður í níu flokka auk spilliefna sem eru flokkuð í ákveðna undirflokka. Fastur úrgangur er flokkaður í pappír, bylgjupappa, plast, lífrænan úrgang, málma, hjólbarða, perur, raftæki og blandaðan úrgang. Spilliefni eru flokkuð í undirflokka og skilað til viðurkennds móttökuaðila. Þá er vöktun á úrgangsolíu og frárennsli sem fer í gegnum sand- og olíugildrum frá verkstæðum og þvottastöðvum áður en það fer í fráveitukerfi sveitarfélaga á viðkomandi stað.

Félagið hefur ekki yfirsýn yfir losað magn úrgangs á starfsstöð sinni á Keflavíkurflugvelli þar sem húsnæði er í notkun fleiri aðila.

Magntölur á tveimur úrgangslíðum sem fara til urðunar eru mjög breytilegar milli ára en það er grófur úrgangur frá framkvæmdum og olíumengaður úrgangur frá sand- og olíugildrum. Úrgangur frá framkvæmdum er flokkaður á verkstað eins og kostur er.


Félagið kynnir sér meðhöndlun endurvinnsluefnis sem losunaraðilar koma í endurvinnslu og kynna sér endurvinnsluferli hjá endurvinnsluaðilum erlendis. Þá hefur úrvinnslusjóður einnig veitt upplýsingar og staðfest endurvinnslu og/eða endurnýtingu.




Heildarmagn úrgangs jókst um 22% milli ára en flokkunar og endurvinnsluhlutfall jóks einnig umtalsvert þrátt fyrir að grófur úrgangur og olíumengaður úrgangur frá olíugildrum sé með í heildarmagni úrgangs. Hlutfall endurunnins og/eða endurnýttts úrgangs var 82,6% af heildar úrgangi.

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2020	2021	2022	2023
Heildarmagn úrgangs	kg	338.767	313.162	388.716	474.387
Endurunnið / endurnýtt	kg	187.612	218.472	260.546	392.066
Urðun / förgun	kg	151.155	94.690	128.170	82.321
Hlutfall endurunnins/endurnýttts úrgagns	%	55,4%	69,8%	67,0%	82,6%
Rekstrarúrgangur (án úrgangs frá framkvæmdum, sand og oliugildrum)					
Heildarmagn rekstrarúrgangs	kg	220.407	251.662	294.806	420.696
Endurunnið / endurnýtt	kg	187.612	218.472	260.546	392.066
Urðun / förgun	kg	32.795	33.190	34.260	28.630
Hlutfall endurunnins úrgagns	%	85,12	86,8	88,4	93,2

Endurvinnsluhlutfall rekstrarúrgangs



Endurvinnsluhlutfall heildar úrgangs





Mótvægisáðgerðir / Landbætur

Starfsfólk Hölds gróðursetur árlega milli 1.500 og 3.000 tré og í heildina hefur starfsfólk gróðursett yfir 35.000 trjáplöntur. Árið 2023 gróðursetti starfsfólk félagsins 2.260 trjáplöntur. Vænt binding vegna eigin gróðursetningar er 226 tCO₂i, en þar sem þessi gróðursetning er ekki vottuð af þriðja aðila er einungis um vænta bindingu að ræða.

Mótvægisáðgerðir / Landbætur	Einingar	2020	2021	2022	2023
Væntar mótvægisáðgerðir með eigin skógrækt	tCO ₂ i	167	-	305	226
Eru landbætur vottaðar af þriðja aðila	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei

Eigin notkun jarðefnaeldsneytis

Eldsneytisnotkun félagsins er umtalsverð og jókst um 20% milli ára. Notkunin skýrist að miklu leiti af tilfærslu bifreiða milli starfsstöðva í samræmi við eftirspurn en talsvert um eru að bifreiðar séu teknar á einum stað en skilað á öðrum. Í umhverfislegu samhengi stangast á notkun eldsneytis og nýting bílaflotans en mikil áhersla er á góða flotastýringu hjá félaginu. Með góðri nýtingu tryggir félagið ákveðinn umhverfislegan og loftlagslegan ávinning þar sem framleiðsla bifreiða hefur alltaf í för með sér talsvert kolefnisspor. Til aksturs í daglegum rekstri nýtir félagið rafmagnsbíla eins og kostur er.

Eigin notkun á eldsneyti	Einingar	2020	2021	2022	2023
Samtals eldsneytisnotkun	Lítrar	33.892	42.395	112.773	135.185
Bensín	Lítrar	13.870	6.709	51.940	68.785
Dísilolía	Lítrar	20.022	35.686	60.833	66.400

Félagslegir þættir - Mannauður

Höldur kappkostar að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem umhyggja er borin fyrir sérhverjum starfsmanni. Með áherslu á jafnrétti, jafna möguleika til starfsþróunar og uppbyggilega fyrirtækjamenningu er skapaður eftirsóknarverður og samheldinn vinnustaður.

Með jafnréttisáætlun sinni vill Höldur tryggja jafnrétti innan fyrirtækisins og koma í veg fyrir hvers konar mismunun. Fyrirtækið hafnar allri mismunun, t.a.m. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúar, fötlunar eða efnahagslegrar stöðu og einelti, áreiti eða ofbeldi er að sama skapi ekki liðið.

Mannauðs- og jafnlaunastefnur Hölds endurspeglar þá

staðreynd að starfsfólk, þekking þeirra, færni og reynsla er einn mikilvægasti auður félagsins. Lögð er áhersla á markvissa þjálfun og endurmenntun. Við upphaf starfs fær allt starfsfólk nýliðafræðslu þar sem lögð er áhersla á að miðla áfram grunngildum fyrirtækisins.

Árið 2023 var sem fyrr lögð mikil áhersla á framlínuþjálfun. Þá var lögð áhersla á stjórnendabþjálfun og símenntun í bílgreinum. Líkt og undanfarin ár greiðir Höldur allt íslenskunám erlends starfsfólks. Með samningi við fræðslufyrirtækið Akademias tryggir fyrirtækið sér aðgang að fræðslu fyrir allt starfsfólk Hölds en framboð fræðsluefnis hefur aukist og er í boði á nokkrum tungumálum.

Starfsfólki hefur fjölgað milli ára og voru 291 starfsmenn í ráðningarsambandi í árslok, þar af 10 starfsmenn í leyfi. Þá var starfsfólk Hölds af 17 þjóðernum í árslok, flestir Íslendingar eða 66% og því næst Pólverjar eða um 18%. Höldur starfar í karllægum geira en þó hefur hlutfall kvenna aukist hjá félaginu en í árslok voru konur 29,5% starfsmanna og karlar 70,5%. Meðalstarfsaldur hjá fyrirtækinu er 6,5 ár.

Í byrjun árs var innleitt nýtt launa- og mannauðskerfi sem hefur í för með sér betri gagnagreiningu og upplýsingagjöf í tenglum við félagslega þætti innan félagsins.

Starfsfólk	Einingar	2020	2021	2022	2023
Heildarfjöldi starfsfólks	Fjöldi	202	240	260	291
- þar af konur	%		24%	24%	29%
- þar af karlar	%		76%	76%	71%
Starfsaldur	Ár		7,2	8,1	6,5
Þjóðerni	Fjöldi		9	14	17
- Íslendingar	%		80%	70%	66%
- Pólverjar	%		10%	15%	18%
- Önnur þjóðerni	%		10%	15%	16%



Félagslegir þættir - Mannauður

Höldur fékk jafnlaunavottun fyrst árið 2020 og hlaut endurvottun sl. ár sem gildir út árið 2026. Í samræmi við verklag eru allar athugasemdir frá starfsfólki skráðar í málaskrá jafnlaunakerfis.

Starfsfólki standa til boða námsstyrkir sem og árlegur íþróttastyrkur og reglulega eru starfsmenn hvattir til hreyfingar og heilsubótar m.a. með þátttöku í Lífs-
hlaupinu.

Rík áhersla er lögð á öryggismál hjá fyrirtækinu og slys og næstum því slys eru skráð í gæðakerfi af Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra. Heildarfjöldi áverka sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna var 1,4% „en ekkert alvarlegt slys var skráð á árinu 2023.“

Stefnur og gildi félagsins eru kynnt öllum starfsmönnum reglulega og t.a.m. eru mannauðsstefna, vinnuverndarstefna, jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna aðgengilegar öllu starfsfólki á innri vef Hölds.

Þá hefur félagið komið upp skráðu verklagi og viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldi auk verklags við uppljóstrun starfsmanna um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi. Þetta verklag er kynnt fyrir starfsfólki og er aðgengilegt öllu starfsfólki í rekstrarhandbók á innri vef félagsins.



Félagslegir þættir - Samfélagið

Fyrirtækið hefur alla tíð lagt upp með ábyrga ferðapjónustu með áherslu á háttvísi og viðurkennda starfs,- og stjórnarhætti, fræðslu og upplýsingagjöf er varðar umferð og öryggi viðskiptavina með áherslu á erlenda ferðamenn. Þá sýnir félagið samfélagslega virkni í verki, með þátttöku í þróun og stuðningi við íþróttá- og menningarstarf svo eitthvað sé nefnt. Auk þess er Höldur með samstarfssamninga við yfir 85 íþróttá- og æskulýðsfélög um land allt.

Samstarfsverkefni við 85 félög og 110 deildir í 35 bæjarfélögum um land allt



Stjórnarhættir

Höldur leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hagkvæma og ábyrga nýtingu fjármagns. Stjórnendur og starfsfólk skulu viðhafa gott viðskiptasiðferði gagnvart öllum viðskiptavinum, birgjum og öðrum hagsmunaaðilum. Traust og gott orðspor er félaginu mikilvægt og góðir viðskiptahættir, virðing og hlíting laga og reglugerða eru þau grunngildi sem félagið leggur áherslu á til að viðhalda því góða orðspori sem félagið hefur byggt upp frá upphafi.

Höldur hefur sett sér stefnu og innleitt verklag til að uppfylla lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá hefur félagið innleitt reglugerð um persónuvernd (GDPR) og persónuverndarstefna Hölds er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Á árinu 2024 verður lokið við vinnu til að uppfylla kröfur um lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins.

Birgja- og verktakamat fer fram árlega þar sem farið er yfir stöðu, árangur og viðskiptahætti þeirra aðila sem sjá félaginu fyrir veigamiklum aðföngum og þjónustu og áhætta metin.

Þá er horft til umhverfispáttá við val og mat birgja og þjónustuaðila. Leiðbeiningar fyrir verktaka og þjónustuaðila eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins og eru kynntar verktökum og þjónustuaðilum sem koma að verkefnum í og við fasteignir félagsins.

Leiðbeiningarnar taka m.a. á kröfum Hölds um hlítingu laga og reglugerða og áhersla lögð á ábyrga nýtingu auðlinda og lágsmörkun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda þegar verkefnum er sinnt fyrir félagið. Birgjamat félagsins er í endurskoðun en áætlað er að nýtt birgjamat verði innleitt á árinu 2024.

Flokkunarreglugerð EU Taxonomy

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) tók gildi hér á landi í júní 2023 með lögum 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Flokkunarreglugerðin skilgreinir með fastsettum viðmiðum, hvaða atvinnustarfsemi uppfyllir ákveðin skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær.

Tilgangurinn með reglugerðinni er að auka gagnsæi og samræmi í upplýsingagjöf fyrir tækja og beina fjárfestingum og fjárstreymi í umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, auka öryggi fjárfesta og sporna við grænþvotti. Þannig styður reglugerðin við markmið um kolefnishlutleysi og markmið ESB um kolefnishlutleysi árið 2030 (Green Deal).

Í flokkunarreglugerðinni eru 6 eftirfarandi umhverfismarkmið skilgreind en fyrstu 2 markmiðin hafa þó aðeins verið innleidd hér á landi með framseldri reglugerð ESB nr. 2021/2139 sem beinist að markmiðum um 1. Mildun loftslagsbreytinga og 2. Aðlögun að loftslagsbreytingum. Hin 4 markmiðin hafa tekið gildi innan ESB en bíða innleiðingar hér á landi.

Löggjöfin nær til fyrirtækja sem falla undir þá skyldu að birta skýrslu yfir ófjárhagslega þætti eða samstæðu-skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði. Höldur ehf. er þar á meðal og nær eftirfarandi upplýsingagjöf til atvinnustarfsemi Hölds ehf.

Atvinnustarfsemi er hæf (e. eligible) ef hún er skilgreind í reglugerðum ESB sem sett eru á grundvelli flokkunarreglugerðarinnar um þau tæknilegu matsviðmið sem starfsemin þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær. Hæfni segir þó ekki til um það hvort tiltekin starfsemi sé sjálfbær heldur einungis að tæknileg matsviðmið séu til fyrir starfsemina þannig að hægt sé að greina hana í samræmi við kerfið.

Starfsemin þarf að uppfylla eftirfarandi viðmið til að teljast umhverfislega sjálfbær:

- **Styður verulega við eitt eða fleiri af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar (Verulegt framlag).**
- **Skaðar ekki verulega þau fimm önnur umhverfismarkmið reglugerðarinnar (Veldur ekki umtalsverðu tjóni).**
- **Er stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir reglugerðarinnar.**
- **Hlítir tæknilegum matsviðmiðum.**

1.
Mildun
loftslagsbreytinga

2.
Aðlögun að
loftslagsbreytinga

3.
Sjálfbær notkun
og
verndun vatns- og
sjávarauðlinda

4.
Umskipti yfir
í hringrásahagkerfið

5.
Mengunarvarnir
og eftirlit með
mengun

6.
Verndun og endur-
heimt líffræðilegrar
fjölbreytni og
vistkerfa

Gjaldgengi

Höldur hefur skoðað starfsemi félagsins út frá þeim tæknilegu kröfum og viðmiðum sem sett eru fram í flokkunarreglugerðinni. Sú yfirferð leiddi í ljós að starfsemi Hölds, útleiga bifreiða, rekstur og viðhald er gjaldgeng sem verulegt framlag að einu af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar. Frekari greiningarvinna mun fara fram á árinu 2024.

Mat á verulegu framlagi Hölds

Niðurstöður greiningar leiddu í ljós að meginstarfsemi Hölds fellur undir lið 6.5. í reglugerð 2021/2039 sem ber heitið „Flutningur með mótórhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum“

Hjá Höldi var framkvæmd greining á á tæknilegum matsviðmiðum til að meta hvort starfsemin sem fellur undir lið 6.5. geti flokkast sem starfsemi sem stuðli að markmiðinu um verulegt framlags til mótvægis við loftlagsbreytingar. Reglugerð 2021/2039 kveður á um viðmiðanir sem falla undir Höld sem meðal annars eru:

- a) „að því er varðar farartæki í flokkum M1 og N1 sem falla báðir undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007“:
 - i. „fram til 31. Desember 2025, sértæk losun koltvísýrings, eins og skilgreint er í h-lið 1. Mgr. 3.gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, er minni en 50 g CO₂/km (létt ökutæki með litla og enga losun)“
 - ii. „ frá 1. Janúar 2026, sértæk losun koltvísýrings, eins og skilgreint er í h-lið 1. Mgr. 3. Gr. Reglugerðar (ESB) 2019/631, er núll.“



Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Samkvæmt flokkunarreglugerðinni má sú starfsemi Hölds sem uppfyllir þau tæknilegu matsviðmið sem starfsemin þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær starfsemi ekki vinna gegn öðrum umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar ("Að valda ekki verulegu tjóni" (DNSH)).

Félagið vinnur að greiningu á öllum bílaflota félagsins og rekstri hans gagnvart þessum lið til að meta hvort sú starfsemi Hölds sem fellur undir lið 6.5. í reglugerð 2021/2039 teljist ekki valda verulegu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum Flokkunarreglugerðarinnar.

Lágmarksverndarráðstafanir

Ein forsenda þess að starfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær er að starfsemin uppfylli kröfur um lágmarksverndarráðstafanir sem fram koma í 18. gr. reglugerðarinnar. Þar koma fram viðmið út frá fjórum þáttum: mannréttindum, mútum og spillingu, skattamálum og samkeppnismálum.

Þrátt fyrir skýrar áherslur Hölds í sjálfbærri þróun og samfélagsábyrgð getur félagið ekki sýnt fram á að uppfylla alla þætti lágmarksverndarráðstafana reglugerðarinnar um skráða ferla eins og staðan er í dag. Félagið vinnur nú að nánari skoðun á þessum liðum út frá skráðum ferlum og mun innleiða á árinu 2024 þá þætti sem kröfur reglugerðarinnar kveða á um og varða lágmarksverndarráðstafanir.

Helstu niðurstöður

Ljóst er að Höldur uppfyllir ekki að fullu þær forsendur sem settar eru fram í flokkunarreglugerðinni til að starfsemi Hölds flokkist sem umhverfislega sjálfbær eins og staðan er í dag. Félagið mun vinna að frekari greiningum og gagnaöflun á árinu 2024 og máta sig við tæknileg viðmið reglugerðarinnar í víðara samhengi. Verkefnið er viðamikið og ljóst að einhvern tíma mun taka að greina allan reksturinn út frá kröfum flokkunarreglugerðarinnar og ná utan um greiningu viðkomandi gagna.

